

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi á Hvaleyri, golfklúbburinn Keilir, Steinholti 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 14. október 2020 breytingu á deiliskipulagi golfklúbbsins Keilis þar sem er gert ráð fyrir nýjum 1.000 m² byggingarreit innan golfvallarins þar sem heimilt er að byggja 600 m² vélaskemmu með millilofti að hámarkslofthæð 5 m.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Kaldárseli, Kaldárbotnum og Gjánum ásamt mörkum á deiliskipulagi Sléttuhlíðar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 25. nóvember 2020 breytingu á ofangreindu deiliskipulagi þar sem er gert ráð fyrir stækkun á bílastæði. Samhliða var gerð breyting á mörkum deiliskipulags fyrir Sléttuhlíð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 7. janúar 2021.

Berglind Guðmundsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2021